



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Miðborg

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1.	Greinargerð leikskólastjóra	3
2.	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	5
3.	Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	6
4.	Innra mat deilda og umbótaáætlanir	8
4.1	Innra mat Skeljadeild 2025-2026	8
4.2	Innra mat Hæð 2025-2026	9
4.3	Umbótaáætlun Skeljadeild og Hæð 2026-2027	9
4.4	Innra mat Holt 2025-2026	10
4.5	Umbótaáætlun Holt 2026-2027	11
4.6	Innra mat Klöpp 2025-2026.....	12
4.7	Umbótaáætlun Klöpp 2026-2027.....	13
4.8	Innra mat Kuðungadeild 2025-2026	14
4.9	Umbótaáætlun Kuðungadeild 2026-2027	15
4.10	Innra mat Krossfiskadeild 2025-2026	16
4.11	Innra mat Mýri 2025-2026	17
4.12	Umbótaáætlun Krossfiskadeild og Mýri 2026-2027	18
5.	Starfspróunarsamtöl.....	20
6.	Fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans	20
7.	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	20
8.	Foreldrasamstarf	21
9.	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	21
10.	Próunarverkefni.....	23
11.	Fylgiskjöl	24
11.1	Umsögn foreldraráðs.....	24





1. Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólinn opnaði af fullum krafti eftir sumarfrí 2025. Starfsemi Miðborgar var áfram í tveimur húsum, Lindarborg þar sem 53 börn dvöldu og Vörðuborg þar sem 62 börn dvöldu. Í ágúst opnaði svo fjórða deildin í Vörðuborg og þá fjölgaði nemendum skólans um 14. Um 115 börn voru í vistun þetta skólaár.

Leikskólinn Hagaborg tók við rekstri í Barónsborg í haust og voru einnig á einni deild í Vörðuborg. Hagaborg fór úr Barónsborg fyrir jól vegna nauðsynlegra viðgerða en ein deild var áfram í Vörðuborg þar til um miðjan febrúar 2026 þegar allar deildir sameinuðust í húsi Grandaborgar. Barónsborg hefur ekki verið nýtt frekar þennan vetur.

Tengslamyndun og samskipti eru í forgrunni hjá okkur þegar kemur að aðlögun barna í Miðborg og heldur sú áhersla áfram inn í skólaárið sem framundan er. Einnig leggja allar deildir áherslu á mikilvægi málörvunar og eru fastar söngstundir, Lubbastundir, lestur á hverjum degi og lögð er áhersla á að starfsfólk setji orð á allar athafnir barna og séu með eða við leik þeirra til að auðga íslenska tungumálið. Leikurinn er helsta námsleið barnanna í Miðborg og erum við mjög stolt af hve mikið rými hann fær í dagskipulagi deilda. Við vinnum eftir hugmyndafræði Mihaly Csikszentmihalyi um jákvæða sálfræði og flæði og rýmar það mjög vel við frjálsa leikinn og Heillaspor.

Einn nemi frá HÍ var í Miðborg á skólaárinu. Auk þess sem nemar frá vinnuskóla Reykjavíkur yfir sumartímenn. Miðborg var í samstarfi við Tækniskólann, þaðan komu nokkrir nemar sem voru í íslenskunámi. Og dvöldu í nokkrar klukkustundir í viku um tímabil. Einnig tók skólinn á móti nemum frá Evrópu og Bandaríkjunum í heimsóknir.

Foreldrasamstarf hefur gengið frábærlega og eru foreldrar/forráðafólk í Miðborg afar dugleg að mæta á þá viðburði sem leikskólinn heldur. Við bjóðum foreldrum að koma og taka þátt í allskyns atburðum með börnunum sínum tvo seinniparta á önn eins og að skreyta piparkökur, kíkja í síðdegishressingu, vinnustöðvar með bók barnsins og söngstund. Deildarstjórar bjóða upp á foreldrasamtöl á vormánuðum en rík áhersla er á að foreldrar/forráðafólk geti alltaf óskað eftir samtali telji þeir þörf á því.

Skipulagsdagar skólaársins voru sex, þrír á haustönn og þrír á vorönn. Skipulagsdagarnir voru nýttir í fundi og fræðslu. Stjórnendahópur Miðborgar fundaði einu sinni í viku og deildarfundir voru áætlaðir á hálfsmánaðarfresti.

Mikið og gott samstarf hefur myndast við Listasafn Reykjavíkur í gegn um tíðina og í vetur fóru börnin á elstu deild leikskólans oft í heimsóknir þangað. Elstu börnin tóku þátt í barnamenningarhátíð í





Safnahúsinu við Hverfisgötu þar sem var sýning leikskólabarna sem hafa unnið í allan vetur með þjóðsögurnar í tengslum við sýninguna Stattu og vertu að steini! Börnin frá leikskólunum Miðborg, Furuskógi, Grænuborg og Laufásborg heimsóttu safnið reglulega í vetur og unnu í skapandi listasmiðjum í hverri heimsókn ásamt því að skoða listaverkin á sýningunni með aðferðum Sjónarafls - myndlæsisþjálfunar. Afraksturinn var sýndur á Barnamenningarhátíð á sýningunni Stóð ég úti í tunglsljósi en einnig unnu börnin að listaverkum í skólunum sínum sem sýnd voru á sýningunni. Hver leikskóli hélt opnun þar sem fjöldi gesta fögnuðu með listamönnum framtíðarinnar.

Kæru foreldrar/forráðafólk, börn og starfsfólk í Miðborg, bestu þakkir fyrir gott og farsælt samstarf á skólaárinu sem nú er liðið. Við hlökkum til að takast á við ný og spennandi verkefni með ykkur á því næsta.

Ösp Jónsdóttir





2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Hvað var metið?	Fræðsla og samstarf við foreldra
	Hvernig getum við náð betur til foreldra og frætt þau um starf okkar og því sem börnin þeirra eru að fást við daglega.
Hvernig fór matið fram?	Samtöl við deildarstjóra og starfsmenn eftir að sérstakir foreldraviðburðir höfðu verið í leikskólanum. Samtöl við foreldra um hvernig þeir upplifa fræðslur og viðburði.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn og þeir foreldrar sem rætt var við.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Foreldrar í Miðborg eru virkilega áhugasamir og duglegir að mæta á alla viðburði sem hafa verið haldnir. Eru virkir þátttakendur og lýsa yfir ánægju sinni með að fá tækifæri til að sjá hvað börnin eru að fást við og ánægðir með að geta rætt við alla starfsmenn. Tækifæri til umbóta felast helst í því að halda áfram þessu samstarfi og gefa foreldrum tækifæri til að koma með uppástungur um fleiri upptækum.

Ytra mat

Hvað var metið?	Rafræn spurningakönnun á vegum Sameykis fyrir Reykjavíkurborg, stofnun ársins.
Hvernig fór matið fram?	Rafrænt
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk Miðborgar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Almennt er mikil ánægja hjá starfsfólki Miðborgar með starf sitt og starfsemi leikskólans. Helstu tækifæri til umbóta felast í því að finna fleiri leiðir til að bæta starfsanda innan alls skólans sem er ákveðin áskorun þar sem leikskólinn starfar í tveimur húsum.





3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Þeir þættir sem eru metnir yfir **allan leikskólann í heild sinni**. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Umbætur skulu taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Kynning á Heillasporum fyrir nýja starfsmenn Miðborgar
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Kynna betur fyrir nýju starfsfólki hvað felst í Heillasporum. Hvað erum við að gera og af hverju. Einnig upprifjun fyrir núverandi starfsfólk svo að allir séu með sömu sjón á verkefnið og hverju því er ætlað að ná fram.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Reglulegir fundir með stjórnendum og innleiðingarteymi heillaspora. Fræðslur í formi lestrarefnis og funda. Námsferð til Skotlands til að sjá hvernig skólar sem eru búnir að innleiða þessa hugmyndafræði eru að nýta sér verkfæri Heillaspora í daglegu starfi og hvaða ávinningur fæst af því.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjórar og innleiðingarteymi Heillaspora.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 til júlí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Meta jafnt yfir skólaárið með reglulegum fundum og samtölum, stjórnendafundum, teymisfundum og deildarfundum. Spurningalisti sendur á alla starfsmenn leikskólans í lok skólaársins.





Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Almennur skilningur hjá öllum starfsmönnum um hvað Heillaspor séu. Hvað erum við að gera og af hverju. Sjáist á umhverfi leikskólans að við séum að vinna eftir þessari hugmyndafræði.
--	--

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur-innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Móttaka nýrra starfsmanna
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Gæta þess að þegar nýtt starfsfólk kemur til starfa að þau fái gott tækifæri til að kynna sér leikskólann og starfið sem hér fer fram.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Á fyrstu dögum í starfinu eru nýir starfsmenn meir að fylgjast með starfinu, fái aðlögun og rými til að læra án þess að vera strax talin inn í starfsmannatölu. Skoði alla þá nýliðafræðslu sem í boði er rafrænt á Torginu um leikskólastarfið. Kynni sér námsskrá Miðborgar og hugmyndafræði Heillaspora. Leikskólastjórnendur eiga svo samtal við nýja starfsmenn eftir 3-4 vikur í starfi til að sjá hvernig gengur.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjórar og deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 til júlí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Meta yfir skólaárið með fundum og samtölum við nýja starfsmenn og deildarstjóra þeirra.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Starfsfólk er ánægt í starfi og öruggt. Veit til hvers er ætlast af sér en finni jafnframt fyrir möguleikum til starfsþróunar og að þau geti rætt við yfirmenn sína og samstarfsfólk bæði um það sem gangi vel en einnig um það sem þau þurfa aðstoð við.





4. Innra mat deilda og umbótaáætlanir

4.1 Innra mat Skeljadeild 2025-2026

Skeljadeild er staðsett í starfstöð Miðborgar við Lindargötu 26. Þar eru að jafnaði 23 börn í elstu árgöngum leikskólans. Nú í ár voru börn á aldrinum fjögurra til sex ára. Fasta starfsfólk deildar voru 4 auk stuðnings fyrir eitt barn. Deildin er útbúin fjölbreyttum efnivið og mikið var lagt upp úr gönguferðum um nærumhverfi leikskólans.

Styrkleikar

Notkun af myndrænu dagskipulagi og dagatal gekk vel, þar sem börnin gátu fylgst með hvað var áætlað yfir daginn og næstu daga. Börnin voru upplýst og gefinn tími fyrir umskipti. Unnið markvisst og reglulega með Lubba, börnin tóku þátt og nutu Lubba samverustundanna. Lögin voru kennd með textum og myndir teiknaðar til að auðvelda skilning fyrir börn með Íslensku sem annað tungumál. Í lesstundum var skipt í litla hópa og voru börnin eru skipt eftir niðurstöðum í Hljóm2 og TRAS. Gönguferðir gengu ágætlega, nærumhverfi var nýtt og lengri ferðir geymdar fram á sumar. Samstarf hefur verið við Listasafn Íslands vegna barna menningarhátíðar og börnin lærði um myndalæsi í safninu. Einnig hefur samstarf verið milli næst elsta deilda leikskólans og börnin fóru sameiginlegar gönguferðir til að kynnst hvort öðru sem undirbúning fyrir næsta skólaár. Helsti styrkleiki Skeljadeildar eru jákvæðni, þolinmæði, frumkvæði og góð samvinna milli okkar, öðrum deildum og að sjálfsögðu með foreldrum.

Tækifæri

Það má skipuleggja söngstundir betur svo að allir kennarar geti sinnt þeim óháð getu í söng, að nota myndir og texta fyrir lögin sem eru til á deildinni. Það þarf að halda deildarfundur reglulega til að skila upplýsingum til starfsfólks og ræða stöðu barnanna.





4.2 Innra mat Hæð 2025-2026

Hæð er staðsett í starfsstöð Miðborgar við Barónstíg 34, þar eru að jafnaði 16 börn á deildinni. Árið 2024 var flutningur frá Barónsborg yfir í Vörðuborg. Í ár voru börn á aldrinum þriggja til fimm ára. Fast starfsfólk deildar voru þrír auk stuðnings fyrir eitt barn. Í janúar bættist við nýr starfsmaður sem vinnur sem stuðningur við annað barn á deildinni.

Styrkleikar

Deildinni gengur mjög vel að vinna með með Lubba, TRAS er tekið á öllum börnum deildarinnar, bók barnsins er mikið notuð með börnunum, borðspil eru mikið iðkuð í minni hópum, skoðum og lesum bækur daglega. Kennarar hafa gert ríkulegt safn af myndatekstum við sönglög deildarinnar sem börnunum er sýnt í söngstund og samverum og hjálpar mikið þeim sem eru að læra íslensku hjá okkur. Leikföng og skúffur eru merktar með myndum sem veitir börnunum öryggi og auðveldar þeim að velja efnivið. Orð eru settar á allar athafnir barnanna til þess að auka skilning og að þau læri íslensku vel. Einnig er starfsfólk mjög meðvitað og duglegt við að taka virka þátttöku í leik barnanna, sérstaklega þegar leikurinn snýst um samskipti og samtal.

Tækifæri

Efla má sjálfstæði barnanna, eins og í fataklefa. Hvetja þau til þess að gera sjálf með aðstoð frá kennara ef þarf. Sendum börnin fram í minni hópum með starfsmanni til að klæða sig til að stuðla að þessu. Auka má ferðir í nærumhverfi barnanna enda margt spennandi hægt að skoða í nálægð við leikskólann. Reyna að skapa rými fyrir starfsfólk á deild til að ná að ræða oftari öll saman svo sem með reglulegum deildarfundum.

4.3 Umbótaáætlun Skeljadeild og Hæð 2026-2027

Deild/aldur barna	Skeljadeild og Hæð / 4-6 ára börn
Umbótaþáttur/matsþáttur	Að mæta barninu þar sem það er.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Best að kynnast hverjum og einum vel, þekkja þeirra styrkleika og veikleika. Vinna einstaklingsáætlanir, vinna að markmiðum o.s.frv.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gefa sér góðan tíma í aðlögun, til að kynnast börnunum vel. Að kennarar nái að funda og deildir sín á milli fyrir aðlögun nýju barnanna. Fá upplýsingar um barnið sem





	segir til um bakgrunn og sögu þess. Passa að bláa bókin flytji sig strax með börnunum sem flytja á milli deilda. Passa að það sem fer í bók barnsins sé stílað inn á þeirra áhugamálum og persónuleika.
Ábyrgð	Sameiginleg ábyrgð allra á deildinni.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026-Júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Tvö foreldraviðtöl, eitt stuttu eftir aðlögun okt/nóv og annað í apríl/maí. Bók barnsins er metin jafnt og þétt.
Viðmið um árangur	Einstaklingsáætlanir og markmið myndu gefa góða mælikvarða hjá hverju og einu barni. Skoðanir foreldra sem koma fram í foreldraviðtali eða könnun.

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Markviss málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla málþroska barnanna
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Söngstundir, Lubbi, lesa bækur, samtal við börnin við sem flest tækifæri (svo sem matartíma, fataskipti, í leik, vettvangsferðir o.s.frv.)
Ábyrgð	Sameiginleg ábyrgð allra á deildinni
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 – júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Fylgjast með hvernig börn nota málið, hversu mikið þau tala. Símat, metið jafnt og þétt. Hægt að tala við foreldra um málþroska barns í foreldraviðtölum.
Viðmið um árangur	Viðtal við foreldra, T skimanir svo sem RAS, HLJÓM2, AEPS (hjá börnum með stuðning)

4.4 Innra mat Holt 2025-2026





Holt er staðsett í starfsstöð Miðborgar við Barónsstíg 34, þar eru að jafnaði 15 börn. Þetta starfsárið voru börnin á aldrinum tveggja til þriggja ára. Fastastarfsmenn deildar eru fjórir.

Styrkleikar

Fyrri umbótarþáttur var tilfinningalegt öryggi. Starfsfólk deildarinnar hefur hjálpast að við að lesa í líðan og ræða sín á milli ef um tilfinningalegt ójafnvægi er að ræða. Starfsfólk er alltaf til staðar þegar að börn komast í tilfinningalegt uppnám og hjálpsat að ef um krefjandi aðstæður er að ræða.

Seinni umbótarþátturinn voru samverustundir. Stundirnar hafa gengið mjög vel og við höfum nýtt okkur fjölbreyttar aðferðir s.s. loðtöflu, söguskjóður, söngvar, lestur, spjall, hreyfisöngva o.s.frv. Höfum einnig tengt samverustundir við árstíðir og miðað þá spjall og söngva út frá þeim.

Tækifæri

Varðandi fyrri umbótarþáttinn þá nýttum við okkur ekki hugarkortin og það gæti verið tækifæri til úrbóta. En góð samvinna milli starfsfólks og reglulegt samtal um starfið og líðan skiptir höfuðmáli og stefnum við að því áfram.

Varðandi seinni umbótarþáttinn þá myndum við vilja nýta okkur hljóðfæri meir en því miður fór það forgörðum hjá okkur. Einnig fór markmiðið með að teikna upp lög og söngva forgörðum og gætum við bætt úr því. Annars stefnum við á að halda áfram með samverustundir þar sem við nýtum fjölbreyttar aðferðir þar sem að öll börn fá að njóta sín.

4.5 Umbótaáætlun Holt 2026-2027

Deild/aldur barna	
Umbótarþáttur/matsþáttur	Fataklefinn og sjálfsbjargarviðleitni. Að börn æfi og læri að klæða sig sjálf m.t.t. aldurs og þroska.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Sjálfshjálp, fínhyrtingar æfðar og samhjálp.





Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með því að gefa börnunum góðan tíma til að fá að spreyta sig með jákvæðri hvatningu og aðstoð frá kennurum og starfsfólki.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	1.sept'26-1.júní'27
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Deildarfundir og daglegt spjall milli starfsfólks.
Viðmið um árangur	Að það að fara í fataklefann sé jákvæð og róleg stund fyrir öll börn og að þau upplifi sig sjálfsörugg og getumikil.

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Að mæta börnunum þar sem þau eru
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin upplifi sig örugg og líði vel á sínum forsendum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að starfsfólk sé samstíga í að mæta börnunum. Að starfsfólk gefi sér tíma til að kynnast öllum börnunum vel og nýti sér fjölbreyttar aðferðir til þess eins og t.d. „gefðu 10“ o.s.frv.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	1.sept'26-1.júní'27

4.6 Innra mat Klöpp 2025-2026

Klöpp er staðsett í starfsstöð Miðborgar við Barónsstíg 34, þar eru að jafnaði 15 börn á aldrinum 2-4 ára. Fastastarfsfólk deildar voru fjórir starfsmenn.





Styrkleikar

Lögð áhersla í málörvun, í samverustund, við höfum verið að hlusta sögu aðallega í þjóðsögukistunni og sögustund.is. Söngvar með flóknara textum og spjall. Sjálfsefning: með því að taka þátt í söngstund og spjall eftir sögustund, segja fréttir að heiman og segja frá sjálfum sér eins. Áherslan er að samverustundir verða skemmtilegir og fróðlegir.

Við höfum verið dugleg að fara í göngutúr og kynnast umhverfið okkar, fara í Hallgrímskirkju og í stytugarðinn.

Vinum með efnivið sem er aðgengileg í deildini, börnin læra samskiptum í gegnum leik. Þau eru Börnin eru farin að klæða sig í og úr útifötum sjálf og ganga frá eftir sig. Lubbi finnur málbein var kynnt inni á deild þetta ár.

Tækifæri

Það væri gaman að hafa fjölbreyttari námslegan efnivið sem hægt er að nýta í leik svo sem púsl og alls kyns skynjunar efni.

Að skoða matmálstíma, við viljum að börnin séu að njóta matarins og finna tækifæri til að skapa ró í matsalnum. Matmálstímar eru tækifæri til kennslu, atriði sem við þurfum að íhuga betur og leita leiða til að koma á meiri ró.

4.7 Umbótaáætlun Klöpp 2026-2027

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Matmálstímar
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin fái góðan tíma í matsalnum. Að þau séu örugg og liða vel í matsalnum. Matmálstímar eru tækifæri til kennslu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Búa til gott andrúmsloft í matsalnum. Kenna börnunum að setja kyrr við matarborðið á meðan þau eru að borða, kenna þeim að biðja kurteislega ef þau vilja fá meira (eins og má ég fá, nei takk, já takk.)





Ábyrgð	Allir kennarar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026- júlí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Spjall milli starfsfólki og deilda, fundur. Viðtal við börn.
Viðmið um árangur	Sjálfstæði, kurteisi, virðing

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Að mæta börnum þar sem þau eru
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin upplifi sig að þau eru örugg og líði vel í leikskólanum
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að kynnast börnunum, sama verklag hjá öllu starfsfólki leikskólans.
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026-júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	TRAS, deildarfundir, spjall milli starfsfólks, foreldraviðtöl,
Viðmið um árangur	Aukin félagsfærni, frumkvæði, sjálfstæði

4.8 Innra mat Kuðungadeild 2025-2026

Kuðungadeild er staðsett í starfstöð Miðborgar við Lindargötu 26, þar eru að jafnaði 16 börn. Þetta starfsárið voru börnin á aldrinum þriggja til fjögurra ára. Fastastarfsfólk deildar voru fjórir.





Styrkleikar

Sameiginleg sýn og nálgun á starfið. Læsi er öflugt á deildinni, fyrir utan daglegar lestrarstundir er mikið lesið fyrir minni hópa. Vel hefur gengið með markvisst Lubbastarf. Yfir árið höfum við eftt tákni með tali umtalsvert og er það orðið daglegur partur af starfi deildarinnar. Góðar söngstundir með hljóðfæri ýta undir gleði og leik í söngstundinni. Höfum reyntreynt að hópaskipta börnum eftir getu til að bæta málörvunarstarf fyrir fjöltyngd börn deildarinnar. Liststarf í listasmiðjunni einu sinni í viku vakti mikla lukku meðal krakkanna.

Tækifæri

Sjáum tækifæri til að bæta enn frekar hópastarf og skiptingu eftir getu til að vinna með málörvun fjöltyngdra barna.

Tækifæri til að bæta skipulag í kringum samverustundir og söngstundir.

Bæta við og byggja upp útinám, svo sem gönguferðir og könnunarferðir.

4.9 Umbótaáætlun Kuðungadeild 2026-2027

Deild/aldur barna	3 – 4 ára
Umbótapáttur/matspáttur	Aukið hópastarf.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Fara með minni hópa í útinám, lesstundir, söngstundir og fleira. Til að ná einstaklingsmiðaðri nálgun. Auka tíma á hvert barn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með samtali innan deildarinnar um hópaskiptingu og framkvæmd starfsins.
Ábyrgð	Deildastjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	1. Sept – 1.júní.





Hvenær og hvernig á að meta?	Reglulega yfir veturinn, t.d. á deildafundum/ í samtali inná deild. Í foreldraviðtölum og foreldraspjalli.
Viðmið um árangur	Að barni líði vel og taki framförum í þátttöku og félagsfærni. Að barn treysti kennurum sínum.

Deild/aldur barna	3 – 4 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur	Markvissari samverustundir
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefnt að nálgast börnin á einstaklingsforsendum svo þeim líði betur. Stefnt að því að efla tengls barnanna á milli.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að undirbúa samverustundir fyrirfram. Starfsmenn sinna undirbúning til að geta haft eitthvað að fara eftir í samverustund. Hafa samverustundir fjölbreyttar svo öll börn upplifi það sé eitthvað við þeirra hæfi. T.d rypmasöngvar, hreyfisöngvar og leikir.
Ábyrgð	Deildastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	1.sept – 1. Júní.
Hvenær og hvernig á að meta?	Samtal á deildarfundum og inn á deild. Samtal við foreldra og foreldraviðtöl.
Viðmið um árangur	Að við sjáum aukningur í félagsfærni og þátttöku.

4.10 Innra mat Krossfiskadeild 2025-2026

Krossfiskadeild er staðsett í starfsstöð Miðborgar við Lindargötu 26, þar eru að jafnaði 14 börn. Þetta starfsárið voru börnin á aldrinum eins til tveggja ára. Fastastarfsfólk deildar voru fjórir.





Styrkleikar

Í vetur höfum við boðið börnunum upp á ýmsa skynfærni og hreyfileiki. T.d. nýtum við samverustundir sem haldnar eru daglega og syngjum þá og hreyfum okkur með hreyfilögum. Einnig er alltaf í boði leir og svo höfum við einnig haft í boði að sulla með vatn og að leika sér með hrísgrjón sem skapar skemmtilega leiki og samræður milli barnanna.

Við höfum verið að vinna mikið með málörvun og er það ein af okkar helstu áherslum. Við höldum samverustund daglega með öllum barnahópnum. Hópurinn er fjölbreyttur og notumst við þess vegna við myndir svo sem flestir skilji hvað sungið eru um. Í gegnum daginn eigum við í stöðugum samtölum við börnin og nýtum m.a. bleyjuskípti og matartíma til þess að ræða við þau. Við kynnum börnum strax fyrir því að ganga frá eftir sig og hvetjum við þau einnig að klæða sig sjálf í fataherberginu. Þá eru þau börn sem nota klósettið að gera sem mest sjálf, t.d. að taka niður buxurnar og hífa upp um sig sjálf og svo þvo hendur.

Tækifæri

Okkur langar til þess að tileinka okkur hæglátt leikskólastarf. Matartíminn mætti vera notalegri og rólegri stund. Tilvalið að kennari sitji við hvert borð og að matur sé börnum alltaf sýnilegur. Með þessu viljum við einnig efla sjálfstæði t.d. með því að fá hnífa svo börnin geti smurt brauð sjálf og fleira. Við sjáum einnig betra tækifæri til málörvunnar með því að nýta hæglátt leikskólastarf. Einnig er alltaf tækifæri til bætingar í samskiptum starfsmanna. Regluleg samskipti starfsmanna um dagleg hlutverk innan deildar eru nauðsynleg og minnka líkur á samskiptaörðuleikum.

4.11 Innra mat Mýri 2025-2026

Mýri er ný deild í starfsstöð Miðborgar við Barónsstíg 34 og opnaði haustið 2025. Í vetur hafa að jafnaði verið þar 13 börn á aldrinum 1-2 ára. Fastastarfsmenn eru fjórir.





Styrkleikar

Við höfum nýtt daglegt starf, svo sem samverustund, til söngs og hreyfingar með hreyfilögum. Inni á deild bjóðum við daglega upp á skynjunarleiki, t.d. leik að hrísgrjónum og með leir og sköpun svo sem að lita og teikna. Einnig nýtum við aðstöðu í listasmiðju og skynjunarherbergi sem er í húsinu.

Málörvun er eitt af okkar helstu áhersluatriðum þar sem mörg barnanna eru ekki með íslensku sem heimamál. Við reynum að hafa samverustund á hverju morgni þar sem við syngjum lög og notum myndir svo allir skilji hvað verið er að syngja eða tala um.

Við tölum alltaf íslensku við börnin bæði í bleyjuskriptum, í fataklefanum of við matarborðið. Við erum líka með Lubbastund þar sem unnið er mikið með myndir.

Tækifæri

Bæta samverustund með betri undirbúningi og meira skipulagi ásamt því að hafa meira sjónrænt efni. Skapa rólegra andrúmsloft við matarborðið með því að hafa fjögur börn við hvert borð ásamt einum kennara.

Skapa rólegri og betra flæði á milli verkefna í daglegu rútínu, til dæmis frá samverustund yfir í matsalinn, og skipta börnum upp fyrir útiveru og klæða í hollum. Efla sjálfsæði barnanna, t.d. að hvetja þau sem geta klætt sig sjálf að gera það og hrósa þeim.

Passa upp á samskipti með því að hafa reglulega deildarfundi og örfundi í byrjun dags.

Bæta skipulag á deildinni með því að merkja vel kassa og hluti til að auðvelda aðgengi.

4.12 Umbótaáætlun Krossfiskadeild og Mýri 2026-2027

Deild/aldur barna	1-2 ára börn
Umbótaþáttur/matsþáttur	<u>Að mæta barninu þar sem það stendur</u>
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	að mæta hverju barni á þeirra forsendum og að öll börn njóti sín og líði vel og finni ekki fyrir mismunun.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með deildarfundum og daglegum samskiptum milli starfsfólks deildar.





Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst á haustönn og heldur áfram út skólaárið. Endurmat eftir þörfum.
Hvenær og hvernig á að meta?	Foreldraviðtöl, reglulegir deildarfundir og mat á líðan barnanna.
Viðmið um árangur	Metið með því að fylgjast með líðan barnanna í gegnum skólaárið, og TRAS próf notað þegar við á.

Deild/aldur barna	1 – 2 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur	Tákn með tali
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefnt að því að börnin læri tákn fyrir helstu athafnir dags og geti tjáð sig, sérstaklega þau sem ekki hafa tungumálið. (innleiða tákn með tali á deild fyrir börn og starfsmenn)
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með því að hafa daglega í samverustund smá tíma þar sem tákn eru innleidd og notuð í lögum. Einnig að starfsmenn noti táknin í samtölum við börn og ýti undir að þau séu notuð af börnum.
Ábyrgð	Deildarstjórar og starfsmenn deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst á haustönn og heldur áfram út skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta?	Fylgjast með barnahópnum og spyrja börnin út í táknin.
Viðmið um árangur	Viðmið gæti t.d. verið að starfsmenn geti tjáð sig með táknum við þau börn sem hafa ekki náð tungumálinu og að börn geti tjáð sig á móti við starfsmenn.





5. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í maí 2026. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjórar sáu um ræða við starfsfólk. Starfsmenn fengu fyrir samtalið blað með ýsum spurningum varðandi starf sitt og líðan í starfi sem farið var í gegnum á fundinum. Að auki var rætt við starfsmenn um hvaða væntingar þau höfðu til komandi skólaárs og hvernig þau sjá fyrir sér sína þróun í starfinu.

6. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Fræðsla mun vera fyrir alla starfsmenn leikskólans um Heillaspor, tilgang verkefnisins og markmið. Fengnir verða fyrirlesarar til að koma og vera með fræðslur og vinnustofur. Einnig er stefnt á námsferð í maí 2027 til Skotlands til þess að sjá skóla sem hafa unnið eftir þessari hugmyndafræði með góðum árangri.

7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Ekki hefur verið mikið um reglulegt samstarf á milli leikskólans, Austurbæjarskóla og frístundaheimilisins Draumaland þennan vetur. Elstu börn leikskólans fóru í heimsókn í apríl til að sjá bæði skólann og frístundaheimilið og hittu þar kennara og starfsmenn Draumalands. Vilji er að gera samstarfið skipulagðara næsta skólaár með tíðari heimsóknum að minnsta kost tvær heimsóknir yfir árið. Ekki er komin ákveðinn tími fyrir það. Skilafundir eru vegna allra barna sem hefja grunnskólagöngu sína í Austurbæjarskóla, deildarstjóri á deild elstu barna og sérkennslustjóri sækja þessa fundi í maí.

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Haust 2026 og Vor 2027	Heimsókn	Austurbæjarskóli og Draumaland	Aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjóri elstu deildar, móttökukennari Austubæjarskóla og forstöðukona Draumalands.



8. Foreldrasamstarf

Starfrækt er foreldraráð í leikskólanum Miðborg, hlutverk þess er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Einnig skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Foreldraráð starfar að verkefnum sínum í samræmi við starfsreglur foreldraráðs Miðborgar og samkvæmt lögum um leikskóla nr.90/2008. Í foreldraráði eru þrír foreldrar sem bjóða sig fram að hausti.

Starfandi er foreldrafélag í leikskólanum Miðborg. Allir foreldrar eru hvattir til þess að vera virkir þátttakendur í starfi leikskólans með börnum sínum ásamt þeim viðburðum sem foreldrafélagið stendur fyrir. Foreldrafélagið hefur staðið fyrir jólaskemmtun, sveitaferð og sumarhátíð. Foreldrum er boðið upp á formlegt samtal einu sinni á ári, að hausti eða vori þar sem farið er yfir líðan og þroska barna en auk þess eru foreldrar hvattir til að biðja um samtal á öðrum tímum ef þeir óska þess sem og að deildarstjórar hafa samband aukréttis ef til þess þarf. Þegar barn er að hefja leikskólagöngu sína í Miðborg eru foreldrarnir boðaðir í fyrsta viðtal áður en skólangangan þar sem starfsemi skólans og deildar barnsins er kynnt. Í Miðborg er unnið út frá þátttökuaðlögun þar sem foreldrar eru með börnum sínum í aðlögun og kynnast starfi skólans, umhverfi og starfsfólki. Foreldrum með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn er boðið upp á að hafa túlk í fyrsta viðtali og jafnvel fyrsta daginn í aðlögun. Unnið er að því að auka þekkingu foreldra á leikskólalífi barna í íslensku samfélagi og skapa traust milli skóla og foreldra með góðum og jákvæðum samskiptum. Í ár var foreldrum formlega boðið sex sinnum inn á deild barnsins síns þar sem börn, foreldrar og starfsfólk áttu notalega stund saman og styrktu tengslin sín á milli og við starfsfólk. Til dæmis var kynningarfundur að hausti, piparkökumálun og vinnustöðvar með bók barnsins og sameiginleg söngstund svo eitthvað sé nefnt. Mikill fjölbreytileiki er í starfsmannahópnum sem leiðir til þess að fjölskyldur með annað tungumál og ólíka menningu er mætt með skilningi og víðsýni.

9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar

Starfsdagar skólaárið 2026-2027. Birt með fyrirvara um breytingar:

21. ágúst, starfsdagur Miðborg

30 . september, sameiginlegur starfsdagur Vesturmiðstöð,

27. nóvember, starfsdagur Miðborg



27. apríl, sameiginlegur starfsdagur Vesturmiðstöð

5. maí, starfsdagur Miðborg

7. maí, starfsdagur Miðborg

Foreldrakaffi:

15. október – kaffi inni á deild kl 15

10. desember – mála piparkökur kl. 15

18. desember – kakó í garðinum kl 8:30

18. febrúar – bók barnsins kl. 15

15. apríl – söngstund kl 15.30

11. júní – Sumarhátíð kl 14

22. september, foreldrafundur Vörðuborg kl. 17-18:30

23. September, foreldrafundur Lindarborg kl. 17-18:30

Skráningardagar

Vetrarfrí 22. 23. 26 október

Jólafrí 28. 29. 30 desember

Vetrarfrí 22. 23. Febrúar (allir leikskólar eru lokaðir 22. febrúar)

Dymbilvika 22. 23. 24 mars

Sumarlokun 7. Júlí til 5. Ágúst

Leikskóladagatal 2026 - 2027												Nafn leikskóla:	Miðborg
AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ		
1. L	1. H	1. F	1. R	1. M	1. F	1. M	1. M	1. F	1. L	1. F	1. F		
2. R	2. M	2. F	2. M	2. M	2. L	2. H	2. H	2. F	2. R	2. M	2. F		
3. M	3. F	3. L	3. H	3. F	3. R	3. M	3. M	3. L	3. M	3. F	3. L		
4. H	4. F	4. R	4. M	4. F	4. M	4. F	4. F	4. R	4. H	4. F	4. R		
5. M	5. L	5. M	5. F	5. L	5. H	5. F	5. F	5. M	5. M	5. F	5. M		
6. F	6. R	6. H	6. F	6. R	6. M	6. L	6. L	6. H	6. F	6. M	6. M		
7. F	7. M	7. M	7. L	7. M	7. F	7. R	7. R	7. M	7. F	7. M	7. M		
8. L	8. H	8. F	8. R	8. H	8. F	8. M	8. M	8. F	8. L	8. H	8. F		
9. R	9. M	9. F	9. M	9. M	9. L	9. H	9. H	9. F	9. R	9. M	9. F		
10. M	10. F	10. L	10. H	10. F	10. M	10. M	10. M	10. L	10. M	10. F	10. L		
11. H	11. F	11. R	11. M	11. F	11. M	11. F	11. F	11. R	11. H	11. F	11. R		
12. L	12. M	12. F	12. M	12. M	12. L	12. H	12. F	12. M	12. M	12. L	12. M		
13. F	13. R	13. H	13. F	13. R	13. M	13. L	13. L	13. H	13. F	13. R	13. H		
14. F	14. M	14. M	14. L	14. M	14. F	14. R	14. R	14. M	14. F	14. M	14. M		
15. L	15. H	15. F	15. M	15. F	15. M	15. M	15. F	15. L	15. H	15. M	15. F		
16. R	16. M	16. F	16. M	16. M	16. L	16. H	16. H	16. F	16. R	16. M	16. F		
17. M	17. F	17. L	17. H	17. F	17. R	17. M	17. M	17. L	17. H	17. F	17. L		
18. H	18. M	18. R	18. M	18. M	18. L	18. H	18. H	18. F	18. M	18. F	18. M		
19. M	19. L	19. M	19. F	19. M	19. L	19. H	19. F	19. M	19. M	19. L	19. M		
20. F	20. R	20. H	20. F	20. R	20. M	20. L	20. L	20. H	20. F	20. R	20. H		
21. F	21. M	21. M	21. L	21. M	21. F	21. R	21. R	21. M	21. F	21. M	21. M		
22. L	22. F	22. L	22. H	22. M	22. F	22. M	22. M	22. L	22. H	22. F	22. F		
23. R	23. M	23. F	23. M	23. M	23. L	23. H	23. H	23. F	23. M	23. R	23. F		
24. M	24. L	24. M	24. F	24. M	24. F	24. M	24. M	24. L	24. H	24. M	24. L		
25. H	25. F	25. R	25. M	25. F	25. M	25. F	25. F	25. M	25. H	25. F	25. M		
26. M	26. L	26. M	26. F	26. M	26. L	26. H	26. H	26. F	26. R	26. L	26. M		
27. F	27. R	27. H	27. M	27. F	27. M	27. L	27. L	27. H	27. M	27. F	27. F		
28. F	28. M	28. M	28. L	28. M	28. F	28. R	28. R	28. M	28. F	28. M	28. M		
29. L	29. F	29. F	29. R	29. M	29. L	29. H	29. H	29. F	29. M	29. L	29. F		
30. R	30. M	30. M	30. F	30. M	30. L	30. H	30. H	30. F	30. R	30. M	30. F		
31. M	31. L	31. M	31. F	31. M	31. R	31. M	31. M	31. L	31. H	31. M	31. L		

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:
Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagöld lækka ekki vegna þessa. Einn dagur í febrúar er lokaður vegna vetrarfrí og skráningardaga en tíu. Foreldrar sem þurfa vistun á skráningardögum sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Böm sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu vika daga í sumarfrí. Leikskólaþjónusta áttundur, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraþáð viðkomandi leikskóla hefur leikskólarnir verið opnar alls samtíð eða lokað samtíð í tíu til tuttugu vika daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hvern leikskólaþjónuendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.





10. Þróunarverkefni

Heiti á þróunarverkefni og helstu áherslur verkefnisins	Samstarfsaðilar	Hver styrkir?
Heillaspor (e. Nurture) er heildræn nálgun sem styður við velferð, öryggi og virka þátttöku barna í inngildandi skóla- og frístundastarfi. Með tengslamiðuðum leiðum er skapað öruggt umhverfi þar sem börn fá tækifæri til að þroskast og ná árangri í námi.	Í Vesturmiðstöð er þátttakendur auk Miðborgar, Grænaborg, Austurbæjarskóli, Draumaland og 101. Í Norðurmiðstöð eru það Laufskálar, Lyngheimar, Fífuborg, Rimaskóli, Tígrisbær og Brúin.	Enginn formlegur styrkur sem stendur.

F. h. leikskólans ...Miðborg.....

Ösp Jónsdóttir 30.5.2026

Leikskólastjóri

Dagsetning





11. Fylgiskjöl

11.1 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027 Leikskólinn Miðborg

Umsögn foreldraráðs





Foreldraráð leikskólans skipa:

Anna Guðrún Guðmundsdóttir
Sigurður Vignir Jóhannsson
Jóhannes Benediktsson

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já, áherslur starfsáætlunar virðast samræmast starfi leikskólans síðasta árs. Þar má sérstaklega nefna áframhaldandi áherslu á frjálsan leik, Heillasporsverkefnið, málörvun, Lubbastundir, myndrænar merkingar með orðum og myndum og myndrænt skipulag.

Jákvætt er að sjá að markmiðum síðustu starfsáætlunar er fylgt eftir og að áætlunin gerir ráð fyrir áframhaldandi þróun þessara þátta í starfinu. Einnig ber að nefna metnaðarfulla símenntun starfsfólks, meðal annars fyrirhugaða námsferð til Skotlands næsta vetur.

Við teljum þó að skýrara mætti koma fram hvernig samfella milli deilda er tryggð, til dæmis varðandi Lubbastundir og málörvun, þar sem ekki er alveg ljóst hvort áherslurnar ná jafnt til allra deilda.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Starfsáætlunin er heilt yfir skýr, aðgengileg og auðlesanleg. Sérstaklega er umbótaáætlunin vel fram sett, til dæmis í matsþættinum um móttöku nýrra starfsmanna, þar sem markmið eru skýr.

Það mætti þó gera textann aðgengilegri á nokkrum stöðum. Í umfjöllun um Heillaspör er ekki alveg ljóst hvernig áherslurnar birtast í umhverfi leikskólans eða daglegu starfi, og þar mætti bæta við dæmum eða skýrari útlistun. Einnig koma fyrir tækniorð, svo sem „heildræn nálgun“, „virk þátttaka“ og „inngilding“, sem ólærðir leikmenn skilja ekki endilega. Til að auka læsileika og aðgengi væri gagnlegt að skilgreina slík hugtök stuttlega í textanum.

Tillögur að einföldun á yfirheitum í töflum:

Deild/aldur barna:

Aldur





Umbótaþáttur/matsþáttur	Matsþáttur
Tækifæri til umbóta - Að hverju er stefnt	Markmið
Ábyrgð	Ábyrgð
Hvenær hefst verkefni og hvenær eru áætluð lok	Áætlaður tímarammi
Hvenær og hvernig á að meta	Framkvæmd mats
Viðmið um árangur	Hvað telst árangur?

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já, starfsáætlunin gefur foreldrum góða innsýn inn í starf leikskólans. Hún dregur upp skýra mynd af daglegu starfi, áherslum og innra mati deilda, þannig að foreldrar geta speglað eigin upplifun í því sem fram kemur um þá deild sem barn þeirra er á.

Sérstaklega er jákvætt að sjá hvernig áherslur eins og tilfinningalegt öryggi birtast í starfinu, enda hefur það til dæmis verið sýnilegt í upplifun foreldra. Heilt yfir er þetta flott og gagnleg yfirferð fyrir foreldra.

Helstu athugasemdir við starfsáætlunina snúa að því að skýra betur samfellu milli deilda og gera ákveðnar áherslur sýnilegri í gegnum alla áætlunina.

Já, starfsáætlunin gefur foreldrum góða innsýn inn í starf leikskólans. Hún dregur upp skýra mynd af daglegu starfi, áherslum og innra mati deilda, þannig að foreldrar geta speglað eigin upplifun í því sem fram kemur um þá deild sem barn þeirra er á. Í fyrsta lagi væri gagnlegt að skýra betur og samræma hvernig unnið er með málörvun, t.d. Lubbastundir á milli deilda. Ef það er meðvituð ákvörðun, til dæmis vegna aldurs barnanna eða annarra ástæðna er gott ef það kemur fram.

Sérstaklega er jákvætt að sjá hvernig áherslur eins og tilfinningalegt öryggi birtast í starfinu, enda hefur það til dæmis verið sýnilegt í upplifun foreldra. Heilt yfir er þetta flott og gagnleg yfirferð fyrir foreldra. Almennu væri æskilegt að helstu áherslur úr greinargerð leikskólastjóra flæði sem rauður þráður í gegnum greinargerðir einstakra deilda.

Í öðru lagi mætti veita betri upplýsingar um Heillasporaverkefnið. Það væri gagnlegt að skýra nánar í textanum hvað verkefnið felur í sér og/eða vísa á vefsíðu eða annað efni þar sem það er kynnt betur. Þannig yrði auðveldara fyrir foreldra og aðra lesendur að átta sig á markmiðum verkefnisins og hvernig það birtist í starfi leikskólans.





Í þriðja lagi væri ánægjulegt að sjá markmið um að efla tónlistariðkun í leikskólanum. Í starfsáætluninni kemur fram áhugi á að gera söngstundir aðgengilegri fyrir starfsfólk óháð bakgrunni í tónlist og íslensku, auk þess sem nefnt er að nota meira af hljóðfærum. Þetta birtist sem tækifæri í innra mati margra deilda, þótt það komi ekki fram sem sérstakur umbótaþáttur. Þar sem tónlistariðkun getur haft jákvæð áhrif á marga þætti leikskólastarfsins, svo sem málþroska, félagsþroska og almenna menntun, væri til mikils að vinna með því að gera þetta að skýrara markmiði. Nú þegar virðist gott starf vera unnið í söng- og tónlistarmálum, en tækifæri eru til að byggja enn frekar á því.

Fulltrúar í foreldraráði:

Anna Guðrún Guðmundsdóttir

Jóhannes Benediktsson

Sigurður Vignir Jóhannsson

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



